

Framkvæmdaleyfi fyrir gatnagerðarlegg 180.09 Bakkabraut

Skipulagsnefnd Kópavogs

Bt. Skipulagsfulltrúa

Digranesvegi 1
200 Kópavogur, Ísland


Dags. 5.6.2026

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir gatnagerðarlegg 180.09 Bakkabraut skv. samþykktum deiliskipulagsbreytingum.

Borgarlína Lota 1 – Bakkabraut leggur 180.09, gulmerktur



Mynd 1 – Yfirlitsmynd Borgarlínu Lota 1



Hnitakerfi: ISN93
 Hæðarkerfi: ISH2004
 Loftmynd: Loftmyndir.is 2023
 Hæðargrunnur sjávarbotn: C3867 FOSSVOGUR - Dýptarmæling Vg. frá des. 2017
 Hæðargrunnur land: Borgarlína PMO 2022
 Öll mál í m

0 50 100 150 200
 M 1:2000 m

Mynd 2 - Yfirlitsmynd af verkmörkum gatnagerðar á svæði 180.09 Bakkabraut

SKIPULAGS- OG LEYFISMÁL

Betri Samgöngur áforma framkvæmdir á legg 180.09 Bakkabraut sem tengir Fossvogsbú við Bakkabraut að Vesturvör. Tilgangur framkvæmdar er að tengja saman Vogahverfi og Kársnes og bæta umtalsvert aðgengi fyrir gangandi, hjólandi og almenningssamgöngur yfir Fossvog. Framkvæmdin er hluti af samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins og er því hluti af sameiginlegu verkefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um bættar vistvænar samgöngur.

Fyrir liggur samþykki á deiliskipulagsbreytingum á legg 180.09 sem sótt er um framkvæmdaleyfi á. Hér er upptalning á deiluskipulagsmálum sem tengjast framkvæmd á Borgarlínu legg 180.09 Bakkabraut:


- Kársneshöfn Deiliskipulagsbreyting – Bakkabraut norðan Vesturvarar, mynd 3
- Brú yfir Fossvog. Breyting á deiliskipulagi, mynd 4

Einnig liggur fyrir jákvætt álit á umhverfismati framkvæmdar á lotu 1 dags. 6. júní 2025.

Reykjavíkurborg hefur gefið út framkvæmdaleyfi fyrir gatnagerðarleggi 160.05-06 Nauthólsvegar dags. 10. febrúar 2026 og gatnagerðarlegg 160.07 Nauthólsvegur tenging við Fossvogsbrú dags. 13. maí 2026. Einnig liggur fyrir byggingarleyfi fyrir Fossvogsbrú leggur 170.01 dags. 29. apríl 2026.

Betri samgöngur hafa unnið að gerð teikninga um umferðarflæði á verktíma og samsvarandi merkingaplans á framkvæmdartíma með hönnuðum og fer rýni fram hjá hlutaðeigandi aðilum hjá Kópavogsbæ á verkefnavef Betri samgangna. Hönnuðir hafa lagt lokahönd á þessi gögn sem munu verða hluti af útboðsgögnum.





Verktaka verður gert að skipuleggja vinnu sína með tilliti til verklýsingar verkkaupa og áfangaskiptingu verksins og þeirra krafna sem gerðar eru um vinnu við nágrenni Reykjavíkurlflugvallar, um að tryggt sé að tæki sem vinna að gerð mannvirkisins rjúfi ekki hindrunarfleti flugvallarins sbr. skipulagsreglur mynd 5. Gerð verður krafa um að ítarleg verkáætlun og öryggisáætlun verktaka liggi fyrir við undirritun verksamnings. Verktaki þarf einnig að samræma og skipuleggja sína vinnu með öðrum verktökum við aðliggjandi framkvæmdir þ.e. legg 160.07 Nauthólsvegur, **legg 180.09** og legg 170.01 Fossvogsbrú (Ölduna) sem Ístak hf/Per Aarshleff AS er að framkvæma í samstarfi.



Nú er hafinn vinna við nýju Fossvogsbrúnna (Ölduna), leggur 170.01, sem kemur við flugbrautarenda Reykjavíkflugvallar og tengist við Bakkabraut í Kópavogi. Í framhaldi af brúarenda kemur nýr gatnagerðarleggur 160.07 sem tengist inn á Nauthólsveg og gatnagerðarleggur **180.09** sem tengist við Bakkabraut og gatnamót Vesturvarar.

Helstu framkvæmdir:

- Jarðvegsskipti og fullnaðarfrágangur fyllinga undir götur og gangstéttar.
- Gatnagerð Borgarlínunnar hluta 167 og 189, stöðvabil í hönnunarlínu Borgarlínunnar 9.580-10.770 að undanskilinni Fossvogsbrú (st. 10.000-10.270), um 270 m lengd. Stöðvar í hönnunarlínu sjá C-teikningar
- Göngu- og hjólastígar meðfram Borgarlínunni og tengingar þeirra við núverandi stígakerfi
- Nýjar veitulagnir á svæðinu og færsla og endurtenging núverandi lagna
- Ljósastýrð gatnamót Vesturvör-Bakkabraut í Kópavogi
- Stöð Borgarlínunnar við Bakkabraut
- Ljósastýrð göng- og hjólaþverun Borgarlínunnar norðan stöðvarinnar
- Strandstígur undir syðri enda Fossvogsbrúar í Kópavogi
- Áningarstaðir austan og vestan suðurenda Fossvogsbrúar í Kópavogi, og vestan brúarenda og í línu við flugbraut í Reykjavík
- Fullnaðarfrágangur steypuvirkja.
- Malbikun gatna og gangstétta ásamt hellulögn. Fullnaðarfrágangur gatnalýsingar, umferðarljósa, skilta og merkinga.
- Áhersla er lögð á lágmörkun áhrifa á umferð á framkvæmdatíma og gert ráð fyrir aksturleiðum um bráðabirgðaveg, tímabundnum stígum og þverunum fyrir alla samgöngumáta

Gatnagerð er nýframkvæmd á landi næst Fossvogsbrú og endurgerð Bakkabrautar og ljósastýrð gatnamót við Vesturvör. Almennri umferð gangandi og hjólandi verður leiðbeint framhjá og í gegnum framkvæmdasvæði skv. hjáleiðaplani. Tryggt verður að umferð vinnutækja verði víkjandi þar sem þvera þarf gönguleiðir og gerð krafa um stöðvunarskyldu. Aðgengi að starfsemi á staðnum verður útfærð á hverjum stað þannig að sem minnst óhagræði verði.

Áætlað magn jarðefna í götu ásamt yfirborðsfrágangi fyrir legg 189 er sem hér segir:

- | | |
|------------------------------|----------------------|
| • Gröftur, efni ekið á tipp | 1600 m ³ |
| • Fyllingarefni úr skeringum | 300 m ³ |
| • Fyllingarefni úr námum | 5700 m ³ |
| • Malbik | 12000 m ² |
| • Hellulögn | 2700 m ² |


LANDEIGENDUR

Allt land á framkvæmdarsvæðinu er í eigu Kópavogsbæjar sem er aðili samstarfsverkefnisins.


HÖNNUN

Hönnuðir Borgarlínunnar á þessum legg eru Efla og BEAM architects. Gatnahönnun gerir ráð fyrir sér akreinum almenningsvagna í sérrými með aðgreindum stígum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, sjá mynd 6. Norðurhluti gatnagerðarleggs tengist við Fossvogsbrú en suðurhluti við Bakkabraut. Heildarlengd gatnagerðarleggs 180.09 er um 400 m. Á gatnagerðarlegg 180.09 sem um ræðir eru sér akreinar almenningsvagna ásamt göngu- og hjólastígum, sjá meðfylgjandi teikningar.

Borgarlínan - Characteristic section St. approx. 9700 M 1:100



Borgarlínan - Characteristic section St. approx. 9900 M 1:100



Myndir 6 - Þversnið í götu og skipting milli mismunandi fararmáta

EFNISMÁL OG NÁMUR

Gerð verður krafa um að verktaki kaupi aðeins efni úr námum sem eru á aðalskiplagi viðkomandi sveitarfélags og hafi nauðsynleg starfsleyfi.

UMSÓKN UM FRAMKVÆMDALEYFI

Umsókn þessari fylgja verkeikningar. Ekki er búist við neinum grundvallarbreytingum frá fyrirbyggjandi teikningum.

Með vísun til 13. gr. Skipulagslaga, nr. 123/2010, sækja Betri Samgöngur hér með um framkvæmdaleyfi fyrir gerð gatnagerðarleggs 180.09 Bakkabraut, innan deiliskipulagsmarka í landi Kópavogs.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaðan ef óskað er frekari skýringa eða gagna.

Með kveðju,



Mikael Jóhann Traustason

Byggingarstjóri

mikael.traustason@borgarlinan.is

Construction manager

+354 6173737

Borgarlínuteymi

cc: Atli Björn Levy, forstöðumaður verkefnastofu Borgarlínu



BETRI SAMGÖNGUR

Viðhengi:

Jákvætt álit á umhverfismati framkvæmdar á lotu 1 dags. 6. Júní 2025

Saman í einu viðhengi BL189-CON-PMO-LE-00002 eru:

- Yfirlitsmynd með verkmörkum: B000
- Landslagsteikningar: O201; O202
- Þversnið í götu: F101
- Fráveitulagnir: GH101
- Umferðarlýsing gatna: N123
- Umferðarlýsing gatnamóta: M201